

- 170** Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Valgerðar Jónsdóttur
 17. okt. og Kristjáns Þorlákssonar frá Múla í Nauteyrarhreppi, útgefin á venjulegan hátt
 að mandatum af dómsmálaráðherra 17. október 1957.
 Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Valgerðar Jónsdóttur og Kristjáns Þorlákssonar
 frá Múla í Nauteyrarhreppi.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður árið 1957 af Guðrúnu Kristjánsdóttur, Sturlaugi Einars-
 syni og Magnúsi Kristjánsyni frá Múla, með 12169.14 kr. framlagi.

2. gr.

Ávaxta skal sjóðinn í banka eða verðbréfum og er óheimilt, að skerða höfuð-
 stólinn. Árlega skal leggja $\frac{1}{4}$ vaxta við höfuðstólinn.

3. gr.

Árlega eða eftir atvikum á ára fresti má verja $\frac{3}{4}$ vaxta af höfuðstól sjóðsins
 til kaupa á nýtizku lækningatækjum handa sjúkrahúsi Ísafjarðar.

4. gr.

Afla skal sjóðnum tekna á þann hátt, er stjórn hans telur tiltækilegt.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skulu skipa 3 menn: 1 kosinn af bæjarstjórn Ísafjarðar, 1 kosinn
 af sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu og yfirlæknir sjúkrahúss Ísafjarðar.

Stjórnin skipti með sér störfum. Hún skal árlega gera reikning sjóðsins og
 leggja hann fyrir bæjarstjórn og sýslunefnd.

6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Ísafirði, 10. sept. 1957.

F.h. stofnenda.

Sturl. Einarsson.